

Nd.

3. Frumvarp til laga

[3. mál]

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1970 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með allt að 140% viðauka stimpilgjald og leyfisbréfastgjöld önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 104/1965.
- b. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60/1939, nema af gosdrykkjum samkv. 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkv. 3. tölul. sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkv. 1. lið 3. kafla með 50% álagi.

2. gr.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að innheimta tiltekin gjöld á árinu 1970 með sömu viðaukum og verið hefur undanfarin ár.